

**Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-maí 2012**

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu fimm mánuði ársins 2012 liggur nú fyrir. Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 15,1 ma.kr. en var neikvætt um 21,7 ma.kr. á sama tímabili 2011. Tekjur reyndust 33,0 ma.kr. hærrí en í fyrra á meðan að gjöldin jukust um 17,4 ma.kr. milli ára. Þetta er betri niðurstaða en gert var ráð fyrir í áætlunum þar sem gert var ráð fyrir að handbært fé frá rekstri yrði neikvætt um 37,9 ma.kr. Stór hluti af því frávik skýrist með greiðsludreifingu útgjalda.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-maí 2012 (m.kr.)

	2008	2009	2010	2011	2012
Innheimtar tekjur	194.465	172.135	175.092	172.498	205.504
Greidd gjöld	159.083	209.123	212.715	199.639	217.084
Tekjujöfnuður	35.382	-36.989	-37.623	-27.141	-11.580
Breyting rekstartengdra eigna og skulda	-5.493	-2.720	4.700	5.471	-3.472
Handbært fé frá rekstri	29.889	-39.709	-32.923	-21.670	-15.052
Fjármunahreyfingar	-2.351	8.110	-9.027	56.652	-5.972
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	27.538	-31.599	-41.950	34.982	-21.024
Afborganir lána	-16.341	-1.345	-72.037	-71.615	-78.612
Innanlands	-676	-1.345	-72.037	-764	-1.502
Erlendis	-15.665	0	0	-70.851	-77.110
Greiðslur til LSR og LH	-1.650	0	0	0	0
Lánsfjárfjöfnuður brúttó	9.547	-32.944	-113.987	-36.633	-99.636
Lántökur	9.233	81.773	89.447	60.508	170.143
Innanlands	9.233	74.721	95.046	47.173	25.166
Erlendis	-	7.052	-5.599	13.335	144.977
Breyting á handbæru fé	18.780	48.829	-24.540	23.875	70.507

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 205,5 ma.kr. á fyrstu fimm mánuðum ársins sem er 19,0% aukning frá sama tímabili í fyrra og 21,2 ma.kr. eða 11,5% yfir tekjuáætlun fjárlaga. Þótt innheimtan sé vissulega sterk má að hluta rekja þetta mikla frávik til óreglulegra tekna sem féllu til á tímabilinu og ekki hafði verið reiknað með við gerð tekjuáætlunar. Tekjur sem teljast óreglulegar námu alls 11,1 ma.kr. á fyrstu fimm mánuðum ársins og ef leiðrétt er fyrir þeim námu heildartekjur ríkissjóðs á tímabilinu 194,4 ma.kr. sem er 10,1 ma.kr. eða 5,5% yfir áætlun. Nánar verður vikið að einstökum liðum óreglulegra tekna hér að neðan eftir því sem tilefni er til.

Skatttekjur og tryggingagjöld jukust um 16,3% á milli ára og námu 186,0 ma.kr. sem er 12,7 ma.kr. yfir áætlun. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga 44,8 ma.kr. sem er 19,1% aukning á milli ára og 7,6% yfir áætlun. Samanlögð skil launagreiðenda á bæði tekjuskatti



og útsvari jukust um tæplega 18% á milli ára og því ljóst að skattstofn tekjuskatts hefur styrkst umtalsvert á undanförunum mánuðum, sem að hluta má rekja til kjarasamninga sem tóku gildi síðasta sumar. Fjármagnstekjuskattur dróst saman um tæp 28% á milli ára og nam 15,2 ma.kr. sem er 2,4 ma.kr. undir áætlun. Þetta frávík minnkaði reyndar nokkuð í maí þar sem innheimta þess mánaðar var yfir áætlun, en skil vegna fyrsta ársfjórðungs voru á gjalddaga í apríl með eindaga í maí. Rétt er að hafa í huga að þetta neikvæða frávík er ekki endilega vísbending um þróunina á árinu í heild, þar sem innheimta fjármagnstekjuskatts er afar sveiflukennd eftir mánuðum, og auk þess viðbúið að minni innheimta á fyrri hluta ársins hafi í för með sér minni endurgreiðslur til lögaðila síðar á árinu. Þá má rekja hluta frávíksins frá áramótum til óvenjumikillar endurgreiðslu fjármagnstekjuskatts til lögaðila á tímabilinu.

Tekjur ríkissjóðs janúar-maí 2010-2012

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2010	2011	2012	2010	2011	2012
Skatttekjur og tryggingagjöld	161.158	159.853	185.959	-9,5	-0,8	16,3
Skattar á tekjur og hagnað	64.855	64.585	73.264	-18,6	-0,4	13,4
Tekjuskattur einstaklinga	39.431	37.657	44.842	-9,4	-4,5	19,1
Tekjuskattur lögaðila	5.065	5.854	13.173	-36,5	15,6	125,0
Skattur á fjármagnstekjur	20.359	21.074	15.249	-27,6	3,5	-27,6
Eignarskattar	1.788	1.786	5.137	-29,3	-0,1	187,6
Skattar á vöru og þjónustu	66.960	63.995	75.942	-9,4	-4,4	18,7
Virðisaukaskattur	44.602	40.571	48.127	-13,0	-9,0	18,6
Vörugjöld af ökutækjum	498	946	1.622	-44,2	89,9	71,5
Vörugjöld af bensíni	4.283	4.310	4.569	-9,2	0,6	6,0
Skattar á olíu	2.312	2.313	2.518	-9,5	0,0	8,9
Áfengisgjald og tóbaksgjald	5.380	5.573	6.163	-14,3	3,6	10,6
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	9.885	10.284	12.943	20,4	4,0	25,9
Tollar og aðflutningsgjöld	2.342	2.495	2.702	5,0	6,5	8,3
Aðrir skattar	1.546	1.526	2.466	7,7	-1,3	61,6
Tryggingagjöld	23.668	25.466	26.449	28,7	7,6	3,9
Fjárframlög	200	374	65	-41,0	86,5	-82,6
Aðrar tekjur	13.411	12.330	18.275	-48,8	-8,1	48,2
Sala eigna	270	120	1.206	-	-	-
Tekjur alls	175.040	172.678	205.504	-14,6	-1,3	19,0

Innheimtar tekjur af tekjuskatti lögaðila námu 13,2 ma.kr. sem er 7,1 ma.kr. yfir áætlun. Þetta mikla frávík á sér að hluta skýringu í því að uppgjör fyrri ára höfðu í för með sér 3,6 ma.kr. viðbótartekjur á tímabilinu, en þau geta ýmist leitt til inn- eða útgreiðslna fyrir ríkissjóð. Tekjur af tryggingagjaldi jukust um 3,9% á milli ára og námu 26,4 ma.kr. sem er 2,6% meira en áætlað var. Tryggingagjaldsprósantan er lægri í ár en í fyrra en þrátt fyrir það hefur innheimtan aukist á milli ára. Skýringin er sú að heildarlaunastofn í janúar-maí er



um 13,5% hærrí í ár en í fyrra, sem er nokkru meiri vöxtur en reiknað var með við gerð tekjuáætlunar.

Tekjur af eignarsköttum, að frátalinni sérstakri greiðslu frá lífeyrissjóðum, námu 3,7 ma.kr. samanborið við áætlun upp á 4,4 ma.kr. Þar af munar mest um 0,5 ma.kr. minni innheimtu auðlegðarskatts en áætlanir gerðu ráð fyrir. Sérstakt gjald á lífeyrissjóði, sem er flokkað sem eignarskattur, skilaði 1,4 ma.kr. á tímabilinu. Sú greiðsla er vegna ársins 2011 og var á gjalddaga í árslok 2011 en eindaga nokkrum vikum síðar. Hún skýrir 1,4 ma.kr. jákvætt frávik frá áætlun tímabilsins janúar-maí.

Tekjur af sköttum á vöru og þjónustu námu alls 75,9 ma.kr. sem er 18,7% aukning á milli ára og 3,6 ma.kr. yfir tekjuáætlun. Frávikin má að mestu rekja til meiri tekna af virðisaukaskatti því aðrir liðir óbeinna skatta voru að jafnaði í takt við áætlun. Ef litið er til fimm mánaða meðaltals nemur uppsöfnuð hækkun innheimtra tekna af sköttum á vöru og þjónustu 7,1% umfram verðlagsbreytingar. Sá liður sem vegur þyngst meðal óbeinna skatta er virðisaukaskattur og námu tekjur af honum 48,1 ma.kr. á fyrstu fimm mánuðum ársins sem er 2,1 ma.kr. eða 4,7% yfir tekjuáætlun. Tekjur af virðisaukaskatti eru nokkuð sveiflukenndar, m.a. vegna endurgreiðslna innskatts, og tölur fyrir einstaka mánuði vart marktækar í samanburði við áætlanir. Tímabilið allt frá upphafi árs er þó orðið ágætlega samanburðarhæft við áætlanir og fyrri ár. Skattskyld velta hefur verið að ná sér á strik eftir mikla dýfu árána 2008-2009, og jókst um 6,8% að raunvirði á fyrsta virðisaukaskattstímabili ársins.

Tekjur af vörugjöldum af ökutækjum jukust um rúm 71% á milli ára og námu 1,6 ma.kr., enda hefur innflutningur bifreiða aukist verulega síðastliðin misseri, og eru tekjurnar yfir áætlun. Tekjur af áfengis- og tóbaksgjaldi jukust samanlagt um 10,6% á milli ára og námu 6,2 ma.kr. Þar af skilaði tóbaksgjald 2,0 ma.kr. sem er í takt við áætlun og áfengisgjald 4,1 ma.kr. sem er heldur yfir áætlun. Tölur yfir sölu áfengis og tóbaks benda til þess að gjaldstofn áfengisgjalds hafi aukist lítillaga á milli ára á meðan gjaldstofn tóbaksgjalds hefur dregist nokkuð saman og er sú þróun í stórum dráttum eins og reiknað var með. Bensín- og olíugjöld skiluðu samtals 7,1 ma.kr. sem er í takt við tekjuáætlun.

Aðrar tekjur jukust um hátt í helming á milli ára og námu alls 18,3 ma.kr. sem er 7,8 ma.kr. yfir áætlun. Það frávik má að mestu rekja til samtals 5,1 ma.kr. arðgreiðslu frá Landsvirkjun og Seðlabankanum, sem og 1 ma.kr. söluhagnaðar vegna gjaldeyrisútboða Seðlabankans sem haldin voru sumarið 2011 og í febrúar sl. Ekki hafði verið gert ráð fyrr þessum tekjum í tekjuáætlun tímabilsins janúar-maí.

Greidd gjöld námu 217,1 ma.kr. og jukust eins og áður segir um 17,4 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 8,7%. Greidd gjöld voru innan fjárheimilda tímabilsins um 4 ma.kr. eða 1,8%. Útgjöld til málaflokka breyttust mismikið milli ára, en frekari greining á frávikum hvers málaflokks er að finna hér að neðan.



Vaxtagjöld ríkissjóðs jukust um 3,4 ma.kr. milli ára en voru í jafnvægi við fjárheimildir ársins. Útgjöld til almennrar opinberrar þjónustu jukust um 1,1 ma.kr. milli ára en voru í jafnvægi við fjárheimildir ársins. Aukningin milli ára skýrist að mestu með greiðslum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála jukust um 3,2 ma.kr. milli ára en voru lítillaga innan heimilda. Frávikið skýrist að stærstu leyti með greiðslum vegna Lífeyristrygginga og bóta samkvæmt laga um félagslega aðstoð, en áhrif kjarasamninga síðasta árs hafa þarna mikil áhrif.

Útgjöld til heilbrigðismála jukust um 3,1 ma.kr. milli ára en voru tæpan 1 ma.kr. innan áætlana. Útgjöld Landspítala jukust um 1,4 ma.kr. milli ára sem er í samræmi við það sem gert var ráð fyrir. Þá jukust útgjöld vegna Sjúkratrygginga um 402 m.kr. milli ára. Útgjöld til efnahags- og atvinnumála jukust milli ára um 1,1 ma.kr. en voru 3,2 ma.kr. innan heimilda. Útgjöld Vegagerðarinnar voru 520 m.kr. hærri en á sama tímabili 2011 en voru 2,1 ma.kr. innan heimilda sem skýrist að mestu með annarri greiðsludreifingu en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til menntamála voru 3,5 ma.kr. hærri en á sama tímabili í fyrra en 1,5 ma.kr. innan fjárheimilda tímabilsins. Aukningin milli ára skýrist að mestu með útgjöldum Lánasjóðs íslenskra námsmanna sem jukust um 2,5 ma.kr. milli ára sem var í samræmi við áætlun. Útgjöld Háskóla Íslands drógust saman um 165 m.kr. milli ára og voru þau jafnframt 894 m.kr. innan heimilda. Útgjöld til menningar-, íþróttá- og trúmála voru 325 m.kr. hærri en á sama tímabili í fyrra en voru í jafnvægi við fjárheimildir tímabilsins.

Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála jukust um 1,2 ma.kr. milli ára og voru jafnframt 576 m.kr. umfram heimildir tímabilsins. Þessi aukning skýrist að mestu með útgjöldum Landhelgisgæslunnar sem aukast um 324 m.kr. milli ára og eru jafnframt 539 m.kr. umfram heimildir. Þá aukast útgjöld vegna Héraðsdómstóla um 86 m.kr. milli ára, Sérstakur saksóknari um 137 m.kr., Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu um 178 m.kr. og Landsdómur um 71 m.kr. Útgjöld til umhverfisverndar eru 174 m.kr. hærri í ár en á sama tíma í fyrra en voru 297 m.kr. innan áætlana. Útgjöld Umhverfisstofnunar aukast um 59 m.kr. milli ára og útgjöld Vatnajökulspjóðgarðs um 34 m.kr. Úrvinnslusjóður er 174 m.kr. innan heimilda en útgjöld hans aukast um 71 m.kr. milli ára. Þá eru útgjöld Endurvinnslunnar 174 m.kr. innan heimilda en svipuð og á síðasta ári. Útgjöld til Varnarmála drógust saman um 187 m.kr. og voru jafnframt 179 m.kr. innan heimilda tímabilsins. Útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála drógust lítillaga saman milli ára eða um 100 m.kr. og voru að mestu í jafnvægi við heimildir. Óregluleg útgjöld jukust um 639 m.kr. milli ára og voru jafnframt 1,4 ma.kr. umfram fjárheimildir. Útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga voru 376 m.kr. hærri en á síðasta ári og jafnframt 832 m.kr. hærri en gert hafði verið ráð fyrir. Þá var greiddur fjármagnstekjuskattur 264 m.kr. hærri en á sama tímabili í fyrra og var jafnframt 534 m.kr. herra en gert var ráð fyrir.

**Gjöld ríkissjóðs janúar-maí 2010-2012**

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2010	2011	2012	2011	2012
Almenn opinber þjónusta	52.456	45.769	50.277	-12,7	9,8
þar af vaxtagreiðslur	33.916	27.845	31.257	-17,9	12,3
Varnarmál	614	557	370	-9,3	-33,6
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	7.700	7.439	8.645	-3,4	16,2
Efnahags- og atvinnumál	20.164	18.725	19.860	-7,1	6,1
Umhverfisvernd	1.579	1.584	1.758	0,3	11,0
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	272	192	92	-29,4	-52,0
Heilbrigðismál	46.544	45.447	48.539	-2,4	6,8
Menningar-, íþróttar- og trúmál	6.871	6.786	7.110	-1,2	4,8
Menntamál	20.572	20.169	23.626	-2,0	17,1
Almannatryggingar og velferðarmál	49.994	48.643	51.839	-2,7	6,6
Óregluleg útgjöld	5.949	4.328	4.968	-27,2	14,8
Gjöld alls	212.715	199.639	217.084	-6,1	8,7

Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárfjöfnuður var neikvæður um 21 ma.kr. á fyrstu fimm mánuðum ársins en á sama tíma í fyrra var hann jákvæður um 35 ma.kr.

Afborganir af lánum ríkissjóðs námu 78,6 ma.kr., þar af voru 77,1 ma.kr. vegna erlendra lána. Ríkissjóður nýtti lánsloforð frá Norðurlöndunum í árslok 2011 fyrir sem svarar 103 ma.kr. og notaði af því 44,6 ma.kr. til endurgreiðslu lána Norðurlanda í mars. Þá greiddi ríkissjóður upp erlent lán sem var á gjalddaga í apríl að jafnvirði 27,7 ma.kr. Aðrar erlendar afborganir námu 4,8 ma.kr. Innlendar afborganir námu 1,5 ma.kr.

Lántökur námu 170,1 ma.kr. á tímabilinu, þar af voru 25,2 ma.kr. gefnir út innanlands. Gefin voru út ríkisbréf fyrir um 39,5 ma.kr., þar af verðtryggð ríkisbréf fyrir um 23,2 ma.kr. og óverðtryggð fyrir um 16,3 ma.kr. Stofn ríkisvixla lækkaði á móti um 17,6 ma.kr. Í maí gaf ríkissjóður gaf út skuldabréf að fjárhæð 1 milljarði Bandaríkjadala, að jafnvirði 124,5 milljörðum króna. Endurmat gjaldeyrisreikninga nam 20,5 ma.kr.